



# ÞINGGERÐ 1997



73. Ársþing,  
Hlégarði, Mosfellsbæ  
23. febrúar 1997



# 73. Ársþing UMSK haldið í Hlégarði, Mosfellsbæ, þann 23. febrúar 1997

## 1. Þingsetning

Svanur Gestsson formaður UMSK setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna til þings. Í ávarpi sínu sagði hann m.a. að árið 1997 ætti eftir að verða viðburðaríkt enda stórir viðburðir á dagskrá í sumar, þ.e. Smáþjóðaleikar og Landsmót UMFÍ. Jafnframt sagðist hann hafa áhyggjur af þeim fréttum að ofbeldi og neysla vímuefna skuli vera að aukast hjá æsku landsins.

Gestir þingsins voru Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Unnur Stefánsdóttir ritari ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson framkv. stjórn ÍSÍ, Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Sigurður Magnússon fræðslustjóri ÍSÍ, Þórir Jónsson formaður UMFÍ, Ólína Sveinsdóttir stjórnarmaður UMFÍ, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Ingimundur Ingimundarson formaður Landsmótsnefndar UMFÍ og Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

## 2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Þingið hófst á vali þingforseta. Svanur M. Gestsson formaður UMSK bar upp tillögu um Ásgeir Eiríksson og Pál Aðalsteinsson.  
*Tillagan var samþykkt með lófataki.*

## 3. Kosning þingritara

Þá bar Svanur upp tillögu um Lilju Steinsdóttur og Sigurjón Guðfinnsson sem þingritara.  
*Tillagan var samþykkt með lófataki.*

## 4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Nú tók Ásgeir Eiríksson við þingstjórn og byrjaði hann á því að þakka þingfulltrúum það traust sem honum var sýnt með kjörinu. Því næst bar hann upp tillögu um Valdimar L. Friðriksson, Gísli Birgisson og Óskar Elvar Óskarsson í kjörbréfanefnd og var tillagan samþykkt samhljóða. Tók nefndin þegar til starfa.

## 5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Svanur Gestsson formaður UMSK flutti skýrslu stjórnar. Stiklaði hann yfir helstu atriði skýrslunnar sem lá prentuð frammi með þinggögnum.

## 6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Birgir Hilmarsson greindi frá reikningum sambandsins sem lágu fyrir prentaðir í ársskýrslu UMSK.

Undir þessum lið tók fyrstur til máls Ellert B. Schram



## 7. Ávörp gesta

forsteti ÍSÍ. Hann flutti þinginu kveðjur frá framkvæmdstjórn og þakkaði gott samstarf á undanförnum árum. Ellert minntist því næst á þau stóru verkefni, Smáþjóðaleikana og Landsmótið sem eru á dagskránni nú í sumar. Hann sagði ársskýrslu sambandsins láta lítið yfir sér þó svo hún beri merki um mikið starf og vakti hann því næst athygli á því hve mikill hluti tekna sambandsins sé frá Lottóinu. Hann hvatti menn til þess að standa vörð um rekstur Íslenskrar Getspár. Þá vakti hann athygli á því að íþróttahreyfingin hafi orðið fyrir mikilli gagnrýni á undanförunum árum m.a. að íþróttir kosti þjóðfélagið of mikið. Hið sanna er að íþróttahreyfingin gefur meira til þjóðfélagsins en sem nemur styrkjum frá hinu opinbera, íþróttir njóta vaxandi fylgis og keppnisíþróttir eru til góðs. Að lokum sagði hann að ásakanir um óheilindi sín og annarra í garð fyrrverandi formanns Ólympíunefndar Íslands ættu ekki við rök að styðjast, á aðalfundi ÓÍ hefði farið fram lýðræðislegt kjör og menn verði að geta tekið tapi hvort sem er á íþróttavelli eða í lýðræðislegri kosningu.

Að loknu ávarpi heiðraði hann þrjá einstaklinga með merkjum frá ÍSÍ.

Silfurmerki fengu:

Ester Jónsdóttir, varaformaður UMSK

Gullmerki fengu:

Svanur M. Gestsson, formaður UMSK

Ólína Sveinsdóttir, framkvæmdastjórn ÍSÍ

Næstur tók til máls Þórir Jónsson formaður UMFÍ. Hann þakkaði fyrir boðið og flutti kveðjur frá UMFÍ.

Þórir þakkaði fyrir gott samstarf við stjórn UMSK á síðasta ári og kvaðst ánægður með niðurstöðu reikninga sambandsins. Hann sagði að lesa mætti úr reikningunum hve mikilvæg fyrirtæki íþróttahreyfingarinnar eru, þ.e. Íslensk Getspá og Íslenskar Getraunir, en meginhluti tekna kemur frá þeim. Hann vakti athygli á 90 ára afmæli UMFÍ sem er í ágúst og rakti því næst þau verkefni sem eru á dagskrá Ungmennafélagsins á árinu. Hann sagði Landsmótið verða hápunkt ársins og spáði mikilli baráttu milli UMSK og HSK um sigur. Þær breytingar voru gerðar á landsmótsreglugerð að þátttökugjöld voru hækkuð en ekkert gjald verður innheimt af áhorfendum og eru því allir sem áhuga hafa hvattir til þess að koma og sjá mótið.

Þá sagði Þórir að ÍBR væri að banka á dyrnar hjá UMFÍ en það er mál sem gæti haft mikil áhrif á starf UMFÍ. Sambandsþing UMFÍ verður haldið í Grafarvoginum í haust en þar verður Unglingalandsmót haldið sumarið 1998.

Næst greindi Þórir frá útgáfumálum félagsins en ávallt er gefið út fréttabréf og þá kemur Skinfaxi út reglulega. Nýjung er



að gert var samkomulag við Dag-Tímamann um að Ungmennafélagið sér um eina síðu í blaðinu á viku, þ.e. á þriðjudögum. Þar verður birt efni sem varðar ungmennafélögin og gildir þessi samningur út árið.

Að ávarpinu loknu heiðraði hann tvo einstaklinga með starfsmerkjum UMFÍ.

Einar Sigurðsson, Breiðablik

Logi Kristjánsson, Breiðablik

Þá tók til máls Sigurður Magnússon, fræðslustjóri ÍSÍ og kynnti hann stefnu ÍSÍ í barna- og unglingsþróttum. Hann rakti í stórum dráttum þróun þessa málaflokks og lýsti síðan þeirri samþykkt sem gerð var á Íþróttþingi s.l. haust.

Ingibjörg B. Jóhannesdóttir formaður Aftureldingar tók næst til máls og sagði frá undirbúningi Íþróttaskóla í Mosfellsbæ sem ráðgert er að hefjist í september n.k. Í þessum skóla verður tekið mið af stefnu ÍSÍ í barna- og unglingsþróttum en þar verður lögð áhersla á fjölbreytt starf í samvinnu fjölmargra félaga.

Þá óskaði Svanur M. Gestsson eftir að taka til máls. Hann veitti Rúnari Alexanderssyni, Gerplu, Fimleikabikar UMSK. Til stóð að af hefnda bikarinn í hádeginu um leið og aðrar viðurkenningar en vegna anna hjá Rúnari var þessu skotið hér inn á milli.

Valdimar Leó Friðriksson formaður kjörbréfanefndar sté því næst í pontu og gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Kjörbréf bárust fyrir 52 fulltrúa frá 13 félögum af 32. Þau voru þessi:

**frá UMFA**

Ingibjörg B. Jóhannesd.  
Stefanía Helgadóttir  
Valdimar L. Friðriksson  
Anna H. Gísladóttir  
Jóhann Guðjónsson  
Lúðvík Friðriksson  
Árni Jónsson  
Helga Einarsdóttir  
Anna Þ. Stefánsdóttir

**frá UBK**

Ásgeir Friðgeirsson  
Ingi Þór Hermannsson  
Ingibjörg Hinriksdóttir  
Eiríkur Jensson

Þórður St. Guðmundsson  
Hannes Jónsson  
Einar Sigurðsson  
Guðmundur Oddsson  
Hreinn Jónasson

**frá Stjörnunni**

Lárus Blöndal  
Hrund Grétarsdóttir  
Eiríkur Þorbjörnsson  
Sigurlaug Sverrisdóttir  
Helga Gunnarsdóttir  
Halldór Snorrason

**frá Gróttu**

**8. Álit kjörbréfa-  
nefndar**



Einar Jóhannsson  
Gísli Birgisson  
Anna K. Kristinsdóttir  
**frá HK**

Þorsteinn Einarsson  
Sigurjón Sigurðsson  
Ólafur Briem  
Rögnvaldur Guðmundss.  
Albert H.N. Valdimarss.  
Sigvaldi Einarsson  
Ómar Stefánsson  
Óskar Elvar Óskarsson  
Jón Ásgeir Blöndal

**frá Gerplu**

Óskar Einarsson  
Helga Ólafsdóttir

**frá Keilufélagi Garðabæjar**

Sigurjón Guðfinnsson

**frá Ými**

*voru samþykkt samhljóða.*

Ólafur Bjarnason  
Árni Friðriksson  
Daníel Friðriksson  
**frá Skotfélagi Kópavogs**

Steinar Einarsson

**frá Gusti**

Bjarnleifur Bjarnleifsson  
Guðmundur Daníelsson  
Sævar Kristjánsson

**frá Herði**

Einar Halldórsson  
Brynjar Gunnlaugsson  
Þröstur Karlsson

**frá Golfklúbbi Bakkakots**

Guðjón Jóhannsson

**frá Golfklúbbum Oddi**

Jónína Friðfinnsdóttir  
Einar Egilsson

*Kjörbréf*

## 9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Strax á eftir álitum kjörbréfanefndar gaf þingforseti Svani M. Gestssyni orðið og bar Svanur upp til samþykktar aðild Handknattleiksfélags Mosfellsbæjar (HM) sem stjórn sambandsins hafði áður samþykkt með fyrirvara um samþykki ársþings.

*Aðild HM var samþykkt samhljóða.*

Nú var framhaldið ávörpum gesta og sté Ingimundur Ingimundarson formaður landsmótsnefndar UMFÍ í pontu. Ingimundur sagði frá undirbúningi Landsmóts og bauð síðan alla velkomna í Borgarnes í sumar.

## 10. Umræður um skýrslu stjórnar

Páll Aðalsteinsson þakkað greinagóða skýrslu og óskaði jafnframt stjórn sambandsins til hamingju með þann kjark og dug að fjárfesta í nýju tjaldi. Hann hvatti fundarmenn til þess að standa vörð um aðaltekjulind sambandsins Lottóið, en áður fyrr var það aðalverkefni stjórnar að afla tekna í stað þess að geta lagt krafta sína í starfið sjálft.

Jónína Friðfinnsdóttir spurði út í kynskiptingu sem fram kemur á blaðsíðu 36 í skýrslunni og vakti athygli á því hve hún er rokkandi á milli ára. Þá vakti hún athygli manna á því að golfiðkun er komin í annað sætið yfir fjölda iðkenda í UMSK.

Birgir Ari Hilmarsson svaraði spurningu Jónínu um kynskiptingu. Hann sagði að tölurnar væru fengnar úr



## 11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

### Hádegisverðarhlé

starfsskýrslum sem félögin senda til ÍSÍ. Nú væri farið að tölvuskrá nöfn allra iðkenda og líkleg skýring mun vera að þarna sé um byrjunarörðugleika að ræða og því er þessi samanburður ekki að öllu leyti marktækur.

Enginn kvað sér hljóðs varðandi reikninga sambandsins og voru reikningar því bornir undir atkvæði.

*Þeir voru samþykktir samhjóða.*

Hafsteinn Pálsson hvað sér nú hljóðs og afhenti Halldóri Frímannsynni sem var nýkominn í salinn, silfurmerki ÍSÍ, fyrir hönd Ellerts sem var farinn af fundi þegar þarna var komið.

Er hér var komið sögu var gert fundarhlé og þáðu fundarmenn hádegisverð í boði bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Við það tækifæri ávarpaði Jóhann Sigurjónsson bæjarstjóri Mosfellsbæjar fundarmenn.

Hann sagði m.a. frá hraðri fólksfjölgun í Mosfellsbæ og greindi frá því háa hlutfalli barna sem býr í bænum, en 20% íbúa bæjarins er á grunnskólaaldri. Jóhann sagði frá því að styrkir bæjarins til íþróttamála hefðu aukist töluvert á undanförunum árum, enda gerir bæjarstjórnin sér grein fyrir því mikla og nauðsynlega starfi sem unnið er í íþróttafélögum. Hann greindi þá frá undirbúningsvinnu vegna íþróttaskóla sem ráðgert er starfi frá n.k. hausti. Að lokum óskaði hann sambandinu alls hins besta.

Í hádegisverðarhléi voru veittar eftirfarandi viðurkenningar til afreksmanna á sviði íþróttá- og félagsmála:

Félagsmálaskjöldur UMSK	
Logi Kristjánsson	Breiðablik
Afreksbikar UMSK	
Vanda Sigurgeirsdóttir	Breiðablik
Frjálsíþróttabikar UMSK	
Egill Eiðsson	Breiðablik
Sundbikar UMSK	
Þorvaldur Snorri Árnason	Afturelding
UMFÍ-bikarinn	
Meistarfl. kv. knattspyrnu	Breiðablik



Starfsmerki UMSK

Bjarni Ásgeir Jónsson	Afturelding
Lilja Petra Ásgeirsdóttir	Afturelding
Rúnar Sigurpálsson	Hörður
Gunnar V. Johnsen	Stjarnan
Hraunar Daníelsson	Breiðablik
Ásgerður Halldórsdóttir	Gróttu

Einnig stóð til að afhenda eftirtöldum starfsmerki, en þeir voru fjarstaddir og verður þeim afhent merkið við fyrsta tækifæri:

Jóhann Guðjónsson	Afturelding
Páll Grétarsson	Stjarnan
Ingi Þór Hermannsson	Breiðablik
Margrét Guðmundsdóttir	Gerpla

Þá afhenti Svanur, Sigurði Magnússyni fyrrverandi framkvæmdastjóra ÍSÍ, heiðursviðurkenningu UMSK. Þessi viðurkenning hefur aðeins verið veitt tvívegis áður.

**12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu**

Íkjörnefnd voru kjörnir Ásgeir Friðgeirsson, Óskar Einarsson og Pröstur Karlsson.

Aðrar nefndir voru þannig skipaðar:

Fjárhagsnefnd:

Einar Jóhannsson  
Guðjón Jóhannsson  
Guðmundur Daníelsson  
Helga Ólafsdóttir  
Hrund Grétarsdóttir  
Helga Gunnarsdóttir  
Stefanía Helgadóttir  
Anna P. Stefánsdóttir

Íþróttanefnd

Einar Sigurðsson  
Jónína Friðfinnsdóttir  
Bjarnleifur Bjarnleifsson  
Einar Halldórsson  
Ómar Stefánsson  
Eiríkur Þorbjörnsson  
Halldór Snorrason  
Hannes Jónsson  
Lúðvík Friðriksson  
Ingibjörg Jóhannesdóttir

Allsherjarnefnd

Ingibjörg Hinriksdóttir  
Einar Egilsson  
Steinar Einarsson  
Sævar Kristjánsson  
Þorsteinn Einarsson  
Lárus Blöndal  
Anna Gísladóttir

**13. Fjárhagsáætlun lögð fram**

Birgir Ari Hilmarsson, framkvæmdastjóri flutti fjárhagsáætlun fyrir árið 1997, en hún lá frammi merkt þingskjal nr. 2. og lagði til að henni yrði vísað til fjárhagsnefndar.



**Fjárhagsáætlun 1997**

**Tekjur:**

Útbreiðslustyrkur	1.700.000
Getraunir	600.000
Lottó	2.000.000
Skattur aðildarfélaga	1.200.000
Tekjur v/ Landsmóts	400.000
	<u>5.900.000</u>

**Gjöld:**

Rekstur skrifstofu	3.300.000
Ping og sérráð	400.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	500.000
Kostnaður v/ Landsmóts	1.000.000
Annar kostnaður	700.000
· Styrkir	
· Mótahald	
	<u>5.900.000</u>

**14. Laga og reglugerðabreytingar lagðar fram**

Engar laga- eða reglugerðabreytingar lágu fyrir þessu ársþingi.

**15. Aðrar tillögur lagðar fram**

Birgir Ari Hilmarsson flutti aðrar tillögur frá stjórn og lagði til að þeim yrði vísað til viðeigandi nefnda.

**Pingskjal nr. 3 Íþróttanefnd**

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómaramámskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

**Pingskjal nr. 4 Allsherjarnefnd**

73. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánú samstarfi við aðildarfélögin.

**Pingskjal nr. 5 Fjárhagsnefnd**

73. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði **kr. 100** á félagsmenn 16 ára og eldri og **kr. 45** á félagsmenn yngri en 16 ára.

**Pingskjal nr. 6 Allsherjarnefnd**

73. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, með það að markmiði að veita öllum börnum og unglingum jafnan aðgang að íþróttum óháð fjölskylduhögum.



**Pingskjal nr. 7 Íþróttanefnd**

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 22. Landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og styðja með því keppnislið UMSK til sigurs.

**Pingskjal nr. 8 Íþróttanefnd**

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að kynna sér stefnu ÍSÍ í barna- og unglingaíþróttum, sem samþykkt var á 63. Íþróttþingi ÍSÍ.

**Pingskjal nr. 9 Allsherjarnefnd**

73. Ársþing UMSK... samþykkir að komið verði á kærugjaldi hjá dómstól sambandsins.

Valdimar Leó Friðriksson bað um orðið og kom í pontu þar sem hann flutti eftirfarandi tillögu:

73. Ársþing UMSK haldið í Hlégarði, Mosfellsbæ 23. febrúar 1997, samþykkir að fela stjórn UMSK að sjá til þess að umræður um möguleika á sameiningu UMFÍ og ÍSÍ verði teknar upp á Sambandsþingi UMFÍ í haust.

Tillagan var þvínæst merkt sem **pingskjal nr. 10** og vísað til **Allsherjarnefndar**.

Þá tók Einar Sigurðsson til máls og flutti tvær tillögur.

**Tillaga um reglugerð um Skólahlaup UMSK**

**Þátttökuréttur**

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnisrétt í Skólahlaupi UMSK. Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki.

Keppt skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Sex skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Í stigakeppni sveita teljast einungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.frv.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

Keppt skal í eftirtöldum vegalengdum:

- 4. bekkur 400 metrar
- 5. bekkur 400 metrar
- 6. bekkur 800 metrar



- 7. bekkur 800 metrar
- 8. bekkur 800 metrar
- 9. bekkur 1500 metrar
- 10. bekkur 1500 metrar

### Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tíðkast í útreikningum við víðavangshlaup. Þ.e.a.s. að sá fyrsti færeitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.frv. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur lægst stig telst sigurvegari.

### Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu þátttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgöngum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Þessi tillaga var merkt sem **þingskjal nr. 11** og vísað til **Íþróttanefndar**.

Seinni tillagan frá Einari hljóðaði svo:

73. Ársþing UMSK haldið í Hégarði, Mosfellsbæ 23. febrúar 1997, skorar á stjórn UMSK að gefa bikar til minningar um þá bræður Hörð Ingólfsson og Ingólf Ingólfsson sem báðir létust á síðasta ári. Bikarinn verði veittur þeim skóla sem á flesta keppendur í skólahlaupinu í hlutfalli við stærð skóla.

Greinargerð:

Þeir bræður voru áratugum saman keppendur og stjórnendur í fjölbreytilegu íþróttastarfi innan UMSK, fyrst fyrir Aftureldingu og síðar fyrir Breiðablik. Hörður er upphafsmaður að Skólahlaupi UMSK, en fyrsta hlaupið fór fram um 1965.

Tillagan var merkt sem **þingskjal nr. 12** og vísað til **Íþróttanefndar**.

## 16. Nefndarstörf

Nú hófu nefndir störf um þær tillögur sem bornar höfðu verið upp. Þeir sem ekki höfðu verið skipaðir í nefndir settust í þá nefnd sem þeir höfðu mestan hug á.

## 17. Afgreiðsla á álitum nefnda

Fyrstur skilaði álitum formaður Kjörnefndar, Ásgeir Friðgeirsson, og greindi frá niðurstöðum nefndarinnar um framboð í stjórn og trúnaðarstöður.



Því næst tók til máls Einar Jóhannsson formaður Fjárhagsnefndar og sagði nefndina mæla með að þau tvö þingskjöl, þ.e. nr. 2 og 5, sem nefndin hafði fengið til umfjöllunar yrðu samþykkt óbreytt.

Ásgeir Friðgeirsson bað um orðið. Hann spurði um ástæður fyrir aukningu milli ára í liðinn rekstur skrifstofu.

Svanur M. Gestsson svaraði því til að þetta væri gert til að mæta auknu umfangi vegna þátttöku á Landsmóti UMFÍ.

*Þingskjölin voru samþykkt samhljóða.*

Einar Sigurðsson formaður Íþróttanefndar kom næstur í pontu og skilaði álitni nefndarinnar á þeim málum sem nefndinni var falið að fjalla um.

Mælti nefndin með því að þingskjöl nr. 3, 7 og 12 væru samþykkt óbreytt og þingskjali 11 yrði vísað til stjórnar til frekari útfærslu.

Hafsteinn Pálsson kvað sér hljóðs um þingskjál 12 og mæltist til að stjórnin finndi gott nafn á bikarinn, t.d. Bræðrabikarinn eða Fitjakotsbikarinn.

*Þingskjölin voru samþykkt samhljóða.*

Þá mælti Einar fyrir breytingu á þingskjali 8, þannig að við bætist á eftir: "kynna sér" komi "og vinna að framgangi". Hljóðar því tillagan svona með áorðnum breytingum:

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að kynna sér og vinna að framgangi stefnu ÍSÍ í barna- og unglingsíþróttum, sem samþykkt var á 63. Íþróttþingi ÍSÍ.

*Samþykkt samhljóða.*

Ingibjörg Hinriksdóttir formaður Allsherjarnefndar mælti þá fyrir niðurstöðum nefndar sinnar.

Niðurstöður nefndarinnar voru þær að leggja til að þingskjöl nr. 4 og 10 verði samþykkt óbreytt.

*Samþykkt samhljóða.*

Þá lagði nefndin til að þingskjál nr. 6 hljóðaði svona:

73. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauka bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, vegna þeirra barna og unglings sem búa við erfiða fjölskylduhagi, þannig að þau hafi jafnan aðgang að íþróttum.

Gísli Birgisson taldi tillöguna of opna og vandamálið læggi einfaldlega í því að þjálfunarkostnaður væri of hár.

*Tillagan var því næst borin upp og hún samþykkt með fimmtán athvæðum gegn þremur.*



Nefndin lagði að lokum til að þingskjal nr. 9 yrði samþykkt og vísað til stjórnar að ákveða gjald.

Svanur M. Gestsson bar upp breytingartillögu og hljóðaði þá tillagan svona.

73. Ársþing UMSK... samþykkir að komið verði á kærugjaldi hjá dómstól sambandsins, svo fremi að það stangist ekki á við dóms- og refsíákvæði ÍSÍ.

*Samþykkt samhljóða, einnig samþykkt að fela stjórn að ákvarða gjald.*

## 18. Önnur mál

Einar Sigurðsson, formaður landsmótsnefndar UMSK, kvað sér hljóðs. Hann sagði þátttöku UMSK í landsmóti verða með hefðbundnum hætti. Sömu búningar og síðast verða notaðir og gist í tjaldbúðum eins og hingað til. Í máli sínu kom hann inn á reglugerð mótsins sem hann segir sanngjarnari en áður, þ.e. flokkaípróttir gefa hlutfallslega jafn mörg stig og einstaklingsgreinar. Einar kvað aðstöðuna í Borgarnesi til fyrirmyndar en þó geta komið upp vandamál í sambandi við tjaldbúðir og flutning keppenda á milli tjaldbúða og keppnissvæðis. Einar gerði smá leiðréttingu á skýrslu landsmótsnefndar í Ársskýrslunni, Eyjólfur Árni Rafnsson er sérgreinastjóri í frjálsum íþróttum en ekki Þórður Guðmundsson og Hannes Jónsson hefur tekið að sér sérgreinastjórn í körfu. Að lokum hvatti hann alla til að mæta á Landsmótið.

Hafsteinn Pálsson tók næstur til máls og gerði að tillögu sinni fyrir næstu skýrslu sambandsins verði bætt við kafla um störf dómstólsins. Hann sagði óþarfi að vera að fela það að Carl J. Eiríksson tæki þar mikinn tíma og taldi það vera ástæðu tillögunnar um kærugjald.

## 19. Kosningar

Nú var gengið til kosninga um nýja stjórn og önnur trúnaðarstörf fyrir UMSK. Þingforseti bar upp niðurstöður kjörnefndar og engin mótframboð bárust og voru því eftirtaldir rétt kjörnir:

Formaður til eins árs:

Svanur M. Gestsson

Afturelding

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Ester Jónsdóttir

Breiðablik

Albert H.N. Valdimarsson

HK



Varastjórn til eins árs:

Lára Ólafsdóttir	Gerpla
Sævar Kristjánsson	Gustur
Valdimar Leó Friðriksson	Afturelding

Endurskoðendur til eins árs:

Ólína Sveinsdóttir  
Gunnar Páll Pálsson

Til vara:

Kristján Sveinbjörnsson  
Hafsteinn Pálsson

Dómstóll til þriggja ára:

Albert H.N. Valdimarsson

Til vara:

Erling Þorsteinsson

## 20. Þingslit

Nýkjörinn formaður UMSK, Svanur Gestsson, þakkaði þingfulltrúum traustið sem honum var sýnt með endurkjöri og færði Erni Harðarsyni og Sturlaugi Tómassyni þakkir fyrir gott samstarf í stjórninni og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Að lokum þakkaði hann gestgjöfum fyrir aðstöðuna og fulltrúum fyrir góða fundarsetu og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Lilja Steinsdóttir  
Sigurjón Guðfinnsson  
Þingritarar



# Tillögur samþykktar á 73. ársþingi UMSK

## Pingskjal nr. 2

### Fjárhagsáætlun 1997

#### Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	1.700.000
Getraunir	600.000
Lottó	2.000.000
Skattur aðildarfélaganna	1.200.000
Tekjur v/ Landsmóts	400.000
	<u>5.900.000</u>

#### Gjöld:

Rekstur skrifstofu	3.300.000
Ping og sérráð	400.000
Skattur til UMFÍ og ÍSÍ	500.000
Kostnaður v/ Landsmóts	1.000.000
Annar kostnaður	700.000
Styrkir	
Mótahald	
	<u>5.900.000</u>

## Pingskjal nr. 3

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að halda dómara námskeið í hinum ýmsu íþróttagreinum og hvetji einstaka félagsmenn til þátttöku í þeim.

## Pingskjal nr. 4

73. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu og hvetur þá til áframhaldandi forystu í þeim málum í nánun samstarfi við aðildarfélögin.

## Pingskjal nr. 5

73. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 100 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 45 á félagsmenn yngri en 16 ára.

## Pingskjal nr. 6

73. Ársþing UMSK... hvetur sveitarstjórnir til þess að stórauका bein framlög til lækkunar æfingagjalda íþróttafélaga, vegna þeirra barna og unglunga sem búa við erfiða fjölskylduhagi, þannig að þau hafi jafnan aðgang að íþróttum.

## Pingskjal nr. 7

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til almennrar þátttöku í 22. Landsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Borgarnesi 1997 og styðja með því keppnislið UMSK til sigurs.



#### **Pingskjal nr. 8**

73. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að kynna sér og vinna að framgangi stefnu ÍSÍ í barna- og unglingaíþróttum, sem samþykkt var á 63. Íþróttþingi ÍSÍ.

#### **Pingskjal nr. 9**

73. Ársþing UMSK... samþykkir að komið verði á kærugjaldi hjá dómstól sambandsins, svo fremi að það stangist ekki á við dóms- og refsiaðkvæði ÍSÍ.

#### **Pingskjal nr. 10**

73. Ársþing UMSK haldið í Hlégarði, Mosfellsbæ 23. febrúar 1997 samþykkir að fela stjórn UMSK að sjá til þess að umræður um möguleika á sameiningu UMFÍ og ÍSÍ verði teknar upp á Sambandsþingi UMFÍ í haust.

#### **Pingskjal nr. 11**

*Vísað til stjórnar*

### **Tillaga um reglugerð um Skólahlaup UMSK**

#### **Pátttökuréttur**

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnisrétt í Skólahlaupi UMSK. Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki.

Keppt skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Sex skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Í stigakeppni sveita teljast einungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.frv.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

Keppt skal í eftirtöldum vegalengdum:

- 4. bekkur 400 metrar
- 5. bekkur 400 metrar
- 6. bekkur 800 metrar
- 7. bekkur 800 metrar
- 8. bekkur 800 metrar
- 9. bekkur 1500 metrar
- 10. bekkur 1500 metrar

#### **Stigagjöf**

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tíðkast í útreikningum við víðavangshlaup. Þ.e.a.s. að sá fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.frv. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur lægst stig telst sigurvegari.

#### **Verðlaun**

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir



sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu þátttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgöngum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir þátttökuna.

**Pingskjal nr. 12**

73. Ársþing UMSK haldið í Hégarði, Mosfellsbæ 23. febrúar 1997, skorar á stjórn UMSK að gefa bikar til minningar um þá bræður Hörð Ingólfsson og Ingólf Ingólfsson sem báðir létust á síðasta ári. Bikarinn verði veittur þeim skóla sem á flesta keppendur í skólahlaupinu í hlutfalli við stærð skóla.

## Lög og reglugerðir UMSK





# Lög Ungmennasambands Kjalarnespings

## 1. gr. Heiti og sambands­svæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambands­svæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

## 2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambands­svæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

## 3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambands­stjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambands­stjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðs­þingi.

## 4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambands­félögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambands­stjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst 14 daga fyrirvara.

## 5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíakvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambands­félögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

## 6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambands­félögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lög­mætt, ef löglega er til þess boðað.



## 7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Endurskoðendur.
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.
- f. Héraðsdómstóll.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

## 8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þingir.u, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
  - a. Kosning formanns.
  - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
  - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
  - d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara
  - e. Kosning í héraðsdómstól.
20. Þingslit.

Ef lágsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

**9. gr. Aukaping**

Aukaping skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

**10. gr. Stjórn**

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjú menn í varastjórn og ennfremur tvo endurskoðendur og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf. Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaga UMSK í september eða október ár hvert.

**11. gr. Hlutverk stjórnar**

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

**12. gr. Héraðsdómstóll**

Innan sambandsins starfar héraðsdómstóll, í honum eru 3 menn og 3 til vara, kosnir til þriggja ára. Árlega gengur einn aðalmaður og einn varamaður úr dómnum og kýs ársþingið í þeirra stað. Þess skal jafnan gætt að kjósa í héraðsdómstól þá menn er hafa fjölhæfa þekkingu á íþróttamálum. Héraðsdómendur mega ekki vera yngri en 21 árs. Í dómnum má ekki sitja nema einn maður úr sama félagi, hvorki sem aðal- né varamaður.

**13. gr. Lagabreytingar**

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganeðndar sem skal vera ein af fastaneðndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

**14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar**

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.




## 15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- |   |            |
|---|------------|
| a) Samþykkt héraðspings UMSK:           | 1992-02-09 |
| b) Staðfesting framkvæmdastjórnar ÍSÍ:  | 1992-10-29 |
| c) Staðfesting framkvæmdastjórnar UMFÍ: | 1993-01-21 |

*Frá setningu 73. ársþings  
UMSK.*



*Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ í  
ræðustól á 73. ársþinginu..*





# Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

## 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

## 2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

10. **Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári.



# Reglugerð um sérnefndir UMSK

## 1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

## 2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

## 3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

## 4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

## 5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra.

Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

## 6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

## 7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnufnd UMSK



## Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Svanur M. Gestsson	UMFA	S. 566-6944
Varaformaður	Ester Jónsdóttir	Breiðablik	S. 554-4158
Ritari	Sigurjón Guðfinnsson	KGB	S. 567-2026
Gjaldkeri	Guðrún Magnúsdóttir	UMFA	S. 566-7124
Meðstjórnandi	Albert H.N. Valdimarsson	HK	S. 555-2832

Til Vara:

Lára Ólafsdóttir	Gerpla	S. 567-0884
Sævar Kristjánsson	Gusti	S. 564-4888

